

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 438/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jóhönnu Sigríði Halldórsdóttur

(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Skjalafals. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991 að ósk ákærðu, en jafnframt af hálfu ákærvalds til staðfestingar héraðsdómi.

Eins og lýst er í héraðsdómi, ritaði ákærða í heimildarleysi nöfn sjálfskuldarábyrgðarmanna á skuldabréf það, sem hún seldi í Sparisjóði Keflavíkur. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara, að því er þetta varðar. Héraðsdómari sýknaði aftur á móti ákærðu af því að hafa falsað nafn útgefanda skuldabréfsins, en þar sem ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, kemur það atriði ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi.

Rétt er að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um rof á skilorði dóms frá 22. febrúar 1989, og er refsing ákærðu hæfilega ákveðin í héraðsdómi átta mánaða fangelsi. Eftir öllum atvikum þykir mega fresta fullnustu fimm mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Jóhanna Sigríður Halldórsdóttir, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta skal fullnustu fimm mánaða af refsingunni

og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ásgeirs Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 17. september 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 17. september, er á dómþingi sakadóms Barðastrandarsýslu, sem háð er að Borgartúni 7, Reykjavík, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Jóhönnu Sigríði Halldórsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. júní 1991, á hendur ákærðu, Jóhönnu Sigríði Halldórsdóttur öryrkja, til lögheimilis að Hjöllum 20, Patreksfirði, með dvalarstað að Snekkjuvogi 21, Reykjavík, kt. 200361-2379, „fyrir skjalafals með því að hafa í janúar 1991 selt í Sparisjóði Keflavíkur skuldabréf, að fjárhæð 250.000 kr., sem greiða átti með 30 gjalddögum á mánaðarfresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1991, og ákærða hafði falsað með því að rita á bréfið nafn Símonar Grétars Sigurbjörnssonar, kt. 220658-6199, sem útgefanda og nöfn Ágústs Ástráðssonar, kt. 100858-7549, og Kristínar Ásgeirsdóttur, kt. 280462-2179, í reiti fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðarmanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn tók við máli þessu 1. ágúst síðastliðinn, en fram að þeim tíma hafði hann afskipti haft af meðferð þess.

Málavextir.

Hinn 23. apríl síðastliðinn kom Símon Grétar Sigurbjörnsson á lögreglustöðina í Keflavík og lagði fram kæru á hendur fyrrverandi sambýliskonu sinni, ákærðu í málinu, vegna fölsunar á skuldabréfi nr. 408365. Kvaðst Símon hafa komist að því daginn áður, að ákærða hefði í janúar 1991, meðan þau voru enn í sambúð, selt í Sparisjóði Keflavíkur umrætt skulda-

bréf, að fjárhæð 250.000 krónur, en áður hefði hún falsað á bréfið nafn hans sem útgefanda og nöfn kunningjafólks hans, Ágústs Ástráðssonar og Kristínar Ásgeirsdóttur, sem sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Í þágu rannsóknar málsins voru sama dag teknar framburðarskýrslur af þeim Ágústi og Kristínu. Kannaðist hvorugt þeirra við að hafa gerst ábyrgðaraðili á nefndu skuldabréfi, en grunaði, að ákærða ætti þar einhvern hlut að máli. Kvaðst Kristín því hafa hringt til ákærðu og innt hana eftir þessu og hún þá viðurkennt fölsun á skuldabréfinu og sölu þess í spari-sjóðnum í Keflavík 11. janúar 1991. Vitni þessi hafa síðan komið fyrir dóm vegna málsins og staðfest framburð sinn í einu og öllu.

Þá hefur Símon Grétar einnig komið fyrir dóm og staðfest fyrri framburð þess efnis, að ákærða hefði falsað nafn hans á skuldabréfið í algjöru heimildarleysi og hann fyrst vitað af því í apríllök 1991.

Ákærða hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa falsað nöfn Ágústs og Kristínar sem ábyrgðaraðila á skuldabréf það, sem í ákæru greinir, svo og ritað nafn Símonar sem útgefanda bréfsins, en fyrir því kveðst hún hafa haft munnlegt leyfi frá Símoni, sem þá var staddur úti á landi vegna vinnu sinnar. Segir ákærða Símon áður hafa verið búinn að biðja sig að greiða nokkra reikninga og í því skyni undirritað skuldabréf in blanco, að fjárhæð 102.000 krónur, sem hann bað hana að útfylla og selja til lúkningar á skuldunum. Þegar til kom, hafi skuldirnar hins vegar numið hærri fjárhæð en á skuldabréfinu stóð. Hringdi ákærða þá til Símonar og skýrði honum frá því, hvernig komið væri. Fullyrðir ákærða, að Símon hafi síðan heimilað sér að gefa út nýtt skuldabréf með þeirri fjárhæð, sem hún teldi duga, og undirrita það í hans nafni. Segist ákærða síðan hafa skýrt Símoni frá útgáfu og sölu skuldabréfsins, næst þegar þau ræddust við í síma.

Niðurstaða.

Svo sem málsatvikum er að framan lýst, þykir sannað með játningu ákærðu og samhljóða framburði vitnanna Ágústs Ástráðssonar og Kristínar Ásgeirsdóttur, að ákærða hafi í algjöru heimildarleysi ritað nöfn vitnanna sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréf það, sem í ákæru greinir. Þykir ákærða með þeirri háttsemi uppvis að skjalafalsi samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Gegn eindreginni neitun ákærðu þykir hins vegar ósannað, að hún hafi gefið umrætt skuldabréf út án vitundar og vilja fyrrverandi sambýlismanns síns og falsað nafn hans á bréfið sem útgefanda. Ber því að sýkna hana af þeirri háttsemi.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1980 12/5 Sakadómur Rvík. Nr. 419. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 155. gr. alm. hgl.
- 1989 22/2 Sakadómur Rvík. Nr. 65. Dómur: Fangelsi 5 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.
- 1989 13/9 Gullbringus., Keflavík. Sátt: 14.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Svipt ökul. 3 mán. frá 13.9. 1989.
- 1990 22/1 Sakadómur Rvík. Nr. 33. Dómur: Sýknuð af ákæru f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Refsing.

Ákærða hefur með háttsemi þeirri, sem hún er nú sakfelld fyrir, rofið skilorð dóms frá 22. febrúar 1989. Ber því að taka upp þann dóm og dæma með máli þessu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærðu samkvæmt þessu og með hliðsjón af málsatvikum öllum hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði, sem ekki þykir unnt að skilorðsbinda, þar sem ákærða er nú öðru sinni á aðeins rúmlega tveimur árum uppvis að skjalfalsi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað í málinu.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Jóhanna Sigríður Halldórsdóttir, sæti fangelsi átta mánuði.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.
